

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Garðabæ.

*Deiliskipulag Urriðaholtsstrætis, 1. áfangi – Jónasartorg.*

Skipulagssvæðið er 6 ha að stærð og er gert ráð fyrir byggingum beggja vegna strætisins fyrir skrifstofur ásamt tengdri þjónustu fyrir rekstraraðila og verðandi íbúa í Urriðaholti. Aðkoma að svæðinu er frá Reykjanesbraut og síðar er gert ráð fyrir tengingu til austurs við Elliðavatnsveg. Gert er ráð fyrir heildarbyggingarmagni sem nemur 27.500 m<sup>2</sup> á 3-5 hæðum. Fjarlægð milli húsa við Urriðaholtsstræti er að jafnaði 30 m og gert er ráð fyrir allt að tveimur akreinum í hvora átt. Tillagan er í samræmi við rammaskipulag Urriðaholts.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 9. október 2008.*

F.h. skipulagsstjóra,

**Gunnar Einarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2008